

Mál nr. 27/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiða

Umferðaróhapp á Suðurlandsvegi milli Bæjarháls og Hádegismóa þ. 6.4.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.1.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-17
2. Bréf V dags. 16.2.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

Verið var að flytja vinnuskúr á flutningabifrei og þegar bifreiðin ók undir brúna milli Hádegismóa og Bæjarháls rakst vinnuskúrin í brúna og brak brotnaði af honum og fór á bifreið M. M krefst bóta vegna þess að M hafi orðið fyrir höggi á bak og háls við umrætt umferðaróhapp. Af hálfu M eru lögð fram gögn sem M telur sýna fram á orsakatengsl milli umrædds slyss og þeirra afleiðinga sem M telur sig hafa orðið fyrir og byggir bótakröfu sína á. V hafnar bótaskyldu og telur ekki sýnt fram á orsakatengsl milli umferðaróhappsins og meintra einkenna M. V segist ekki ætla að una niðurstöðu örorkumats sem fyrir liggur í málinu og hafi ákveðið að fara fram á nýtt mat. V telur því spurning um hvort tímabært sé fyrir Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum að taka mál þetta til skoðunar.

Álit.

Þar sem fyrir liggur að V hefur ákveðið að afla viðbótargagna, sem geta skipt máli varðandi niðurstöðu máls þessa, er ekki tímabært fyrir Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum að taka mál þetta til úrskurðar og er málinu vísað frá af þeim sökum að ekki er tímabært að úrskurða í málinu.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá nefndinni

Reykjavík 6.3. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.